

Nd.

376. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um eignarrjett og afnotarjett fasteigna.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 1. gr.

Fyrir málsgr.: »Nú eru skilyrði þau notkunarrjettur í lögum þess-
um« komi:

Nú eru skilyrði þau eigi fyrir hendi, er í 1.—4. tölul. segir, og er ráðuneytinu þá rjett að veita leyfi, ef ástæða þykir til. Eigi þarf þó leyfi til leigu á eða rjettinda yfir fasteign til 3 ára, eða með uppsögn með eigi lengri en $\frac{1}{2}$ árs uppsagnarfresti.

Hvers konar rjettur til afnota fasteigna, þar með veiðirjettur, tilkall til vatnorku og rjettur til að hagnýta hana, að því leyti sem eigi verður ákveðið í sjerleyfislögum, er talinn notkunarrjettur í lögum þessum.

Lög þessi taka eigi til námurjettinda, eða hagnýtingar vatns eða vatnorku í þarfir námuvinslu einvörðungu.

2. Við 10. gr.

Á eftir: »með þeim hætti« komi;
að öðru leyti.